

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1091/2009 um daggjöld dvalarheimila og dagvista og húsnæðisgjald vegna viðhalds öldrunarstofnana fyrir árið 2010.

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „4.283 kr.“ í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: 5.113 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. og 10. mgr. 48. gr., sbr. 70. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 21. gr., 1. mgr. 22. gr. og 29. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 2010.

Árni Páll Arnason.

Óskar Páll Óskarsson.